

MÁLAVOG NIÐURSTÖÐUR ÚR KÖNNUN

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
<i>Hvað er Málavogin?</i>	2
<i>Aðferð</i>	3
2. Þátttaka í könnuninni	4
3. Mat starfsfólks á álagi	6
4. Stigafjöldi úr mælingum	6
5. Samanburður á mati starfsfólks og stigafjölda úr mælingum	8
6. Hvað segja barnaverndarnefndirnar um Málavogina?	9
Hvernig hefur Málavogin nýst Barnaverndinni?	9
Hverjir eru helstu kostir Málavogarinnar?	10
Hverjir eru helstu gallar Málavogarinnar?	10
<i>Hvers vegna nota barnaverndarnefndir ekki Málavogina?</i>	11
Annað	11
7. Samantekt	11
<i>Viðhengi 1 Málavogin og stigagjöf</i>	13
<i>Viðhengi 2 Spurningalisti til barnaverndarnefndanna</i>	13

Yfirlit yfir töflur

Mynd 1 Hlutfall barnaverndarnefnda sem tóku þátt í könnuninni (N=27)	4
Mynd 2 Fjöldi mælinga hjá barnaverndarnefndum (N=19)	5
Mynd 3 Fjöldi nefnda (N=19), fjöldi mælinga (N=59) og fjöldi starfsfólks (N=275)	5
Mynd 4 Mat starfsfólks á álagi, 59 mælingar hjá 19 barnaverndarnefndum (N=275)	6
Mynd 5 Stigafjöldi úr 59 mælingum hjá 19 barnaverndarnefndum (N=274)	7
Mynd 6 Stigafjöldi úr 59 mælingum hjá 19 barnaverndarnefndum (N=274)	8
Mynd 7 Samanburður á mati starfsfólks á álagi og stigafjölda úr 59 mælingum 19 barnaverndarnefnda (mat starfsfólks N=275, stigafjöldi úr mælingu N= 274)	9

1. Inngangur

Lengi hefur verið rætt um hvernig best sé að mæla álag starfsfólks barnaverndarnefnda. Hingað til hefur aðallega verið horft til þátta eins og fjölda barnaverndarmála en þá jafnan verið bent á að barnaverndarmál geta verið afar ólík að umfangi og innihaldi og því erfitt að meta álag einungis út frá fjöldatölum.

Þann 14. maí 2019 var haldinn fundur á Barnaverndarstofu um Málavog í barnavernd. Á hann var fulltrúum allra barnaverndarnefnda landsins boðið og mættu fulltrúar frá níu nefndum á fundinn. Tilgangur fundarins var að fara yfir stöðuna á Málavoginni og kynna það sem fram kom um Málavogina í tillögu félags- og barnamálaráðherra í þingsályktun um framkvæmdaáætlun ríkisins á sviði barnaverndar 2019- 2022.

Eftirfarandi kemur fram í lið F.2 í framkvæmdaáætlun ríkisins á sviði barnaverndar 2019-2022:

b. 2020: Könnun fari fram á notkun Málavogarinnar, niðurstöðum úr mælingum og viðbrögðum barnaverndarnefnda við þeim niðurstöðum, til dæmis hvað varðar fjölda mála og fjölgun stöðugilda. Fundur með fulltrúum barnaverndarnefnda verði haldinn á árinu þar sem niðurstaðan verður kynnt.

Til þess að framkvæma þetta óskaði Barnaverndarstofa með tölvupósti þann 15. maí 2019 eftir samstarfi við allar barnaverndarnefndir landsins um að taka þátt í notkun Málavogarinnar. Lagt var til að barnaverndarnefndir mældu reglulega álag með Málavoginni a.m.k. á þriggja mánaða fresti. Barnaverndarstofa bauð fram aðstoð og leiðbeiningar til þeirra nefnda sem þess óskuðu. Flestar barnaverndarnefndir tóku afar vel í þessa beiðni og átti starfsfólk Barnaverndarstofu í samskiptum við margar nefndir í framhaldinu, bæði til að ræða Málavogina og aðstoða við að gera mælingar.

Hvað er Málavogin?

Barnaverndarstofa byrjaði árið 2012 að skoða aðferð til að mæla vinnuálag í barnavernd en þessi aðferð hafði verið þróuð í Gautaborg í Svíþjóð. Mæling af þessu tagi skráir vinnuálag hjá hverjum starfsmanni fyrir sig þannig að yfirmenn fái betri yfirsýn yfir stöðuna á vinnustaðnum og á mögulegum breytingum yfir tíma. Aðferðin mælir vinnuálag en er ekki mælikvarði á gæði vinnunnar. Í Málavoginni leggur starfsfólk einnig mat á álagið. Aðferðin var prófuð í ýmsum sveitarfélögum í Svíþjóð og reyndist vel. Barnaverndarstofa þýddi og staðfærði þessa sænsku aðferð með aðstoð samstarfsaðila í Huddiksvall í Svíþjóð og í samvinnu við barnaverndarnefndir á Íslandi. Starfsmaður Barnaverndarstofu prófaði aðferðina hjá nokkrum barnaverndarnefndum og hefur Málavogin verið endurskoðuð reglulega í samvinnu við barnaverndarnefndir sem nota hana.

Málavogin byggir bæði á mati starfsfólks á álagi og stiga fyrir öll mál sem starfsfólk er að vinna. Við upphaf mælingar er fyrsta skrefið að starfsfólk meti vinnuálagið hjá sjálfum sér á skalanum 1 til 5:

1. Allt of lítið að gera
2. Of lítið að gera

3. Mátulega mikið að gera
4. Of mikið að gera
5. Allt of mikið að gera

Í skrefi tvö leggja starfsmaður og yfirmaður sameiginlega mat á málin sem starfsmaðurinn ber ábyrgð á. Málavogin byggir á stigafjölda þar sem æskilegur stigafjöldi er fundinn fyrir hvern og einn starfsmann. Æskilegur stigafjöldi getur verið mismunandi út frá stöðugildi og starfsreynslu í barnavernd.

Hér má sjá æskilegan stigafjölda fyrir starfsfólk í barnavernd samkvæmt Málavoginni:

- Ráðgjafi með meira en 5 ára starfsreynslu 100% vinna = 150 stig, 80% vinna = 120 stig
- Ráðgjafi með 3-5 ára starfsreynslu 100% vinna = 138 stig, 80% vinna = 112 stig
- Ráðgjafi með 1-2 ára starfsreynslu 100% vinna = 126 stig, 80% vinna = 100 stig
- Ráðgjafi nýútskrifaður með 0-1 ára starfsreynslu 100% vinna = 120 stig, 80% vinna = 96 stig

Meta skal hvert mál út frá stöðu málsins þegar mælingin er gerð og velja skal þá aðgerð í málinu sem gefur flest stig. Stigatöflu sem sýnir hvað hvert og eitt mál gefur mörg stig má sjá í viðhengi 1.

Þriðja skrefið er að aðilar fari yfir og ræði vinnuálag og mögulega er gerð áætlun með starfsmanninum sem viðbrögð við niðurstöðunum. Mikilvægt er að hafa í huga að hér er verið mæla vinnuálag út frá þeim málum sem starfsfólk ber ábyrgð á, en ekki er horft til annarra þátta sem það er mögulega að sinna eins og t.d. bakvöktum.

Mikilvægt er að hafa eftirfarandi þætti til hliðsjónar þegar lagt er mat á starfsálagið:

- Hversu mikla yfirvinnu vinnur starfsmaðurinn?
- Nær starfsmaður að sinna sínum málum á vinnutíma, eða eykst yfirvinna í takt við aukið álag í vinnu?
- Hvernig gengur að halda tímamörk í könnunum og við eftirfylgd í málum?
- Málafjöldi
- Er starfsmaður að sinna bakvöktum

Í Málavoginni kemur því fram mat á álagi á tvennan hátt, annars vegar út frá mati starfsmanns og hinsvegar út frá stigafjölda í mælingu.


Aðferð

Í október 2020 var kallað eftir niðurstöðum barnaverndarnefndanna úr mælingum og viðbrögðum þeirra við niðurstöðunum. Í viðhengi 2 má sjá könnun sem send var til allra barnaverndarnefnda. Þar var spurt um mat starfsfólks á álagi og stigafjölda úr mælingum þeirra. Ekki var beðið um niðurstöður fyrir hvern og einn starfsmann, heldur niðurstöður fyrir hvern og einn vinnustað fyrir sig. Þar sem sumar barnaverndarnefndir skiluðu fleiri en einni mælingu fyrir tímabilið var reiknað út meðaltal. Heildarfjöldi mælinga var 59 og voru niðurstöður þeirra og niðurstöður mælinga þar sem reiknað var meðaltal mjög svipað. Því verða í þessari samantekt kynntar niðurstöður úr 59 mælingum sem 19 barnaverndarnefndir skiluðu.

Hafa þarf í huga varðandi stigagjöfina að mismunandi aðilar eru að leggja mat á þau barnaverndarmál sem verið er að meta. Það getur haft áhrif á stigagjöf, en við gerð stigmatöflunnar var reynt að gera hana eins skýra og mögulegt er til að auka líkur á því að mismunandi aðilar túlki stigagjöfina eins. Þá skal einnig hafa í huga að mat starfsfólks er huglægt og getur verið að starfsfólk hafi mismunandi skilgreiningar á því hversu mikið álag er. Í Málavoginni er gert ráð fyrir því að starfsfólk sé ekki allt með sama stigafjölda, heldur er æskilegur stigafjöldi metinn út frá starfshlutfalli og starfsreynslu í barnaverndarvinnu.


2. Þátttaka í könnuninni

Það eru 27 barnaverndarnefndir á Íslandi. Alls skiluðu 24 þeirra könnuninni til Barnaverndarstofu eða tæplega 89% barnaverndarnefnda. Af þeim voru 19 barnaverndarnefndir sem skiluðu einni eða fleiri mælingum. Fimm nefndir sem skiluðu höfðu ekki notað Málavogina. Hér er því um að ræða niðurstöður úr mælingum frá rúmlega 70% af barnaverndarnefndunum á Íslandi.



Mynd 1 Hlutfall barnaverndarnefnda sem tóku þátt í könnuninni (N=27)

Eins og fram hefur komið þá voru það 19 barnaverndarnefndir sem skiluðu mælingum í könnuninni. Flestar af þeim skiluðu inn einni mælingum, eða 36,8%, næstflestar skiluðu fjórum mælingum eða 31,6%, 21,1% skiluðu þremur mælingum og 10,5% tveimur mælingum.




Mynd 2 Fjöldi mælinga hjá barnaverndarnefndum (N=19)

Í heildina er því um að ræða 59 mælingar hjá 19 barnaverndarnefndum, en þess ber að geta að Reykjavík skilaði mælingum fyrir hvert teymi sérstaklega, þ.e. mælingum fyrir fimm teymi. Mælingarnar voru gerðar á tímabilinu október 2019 til október/nóvember 2020.

Mælingarnar 59 voru gerðar vegna 275 starfsmanna, en ætla má að í mörgum tilvikum hafi sami starfsmaðurinn tekið þátt í fleiri en einni mælingu. Þá kom fram í könnuninni að í einhverjum tilvikum vinna verktakar fyrir barnverndarnefnd og voru þeir ekki alltaf með í mælingunum.

Fram hefur komið að 19 barnaverndarnefndir skiluðu mælingum í könnuninni. Hér má sjá að rúmlega 20% nefndanna eru á höfuðborgarsvæðinu, en barnaverndarnefndir sem tilheyra höfuðborgarsvæðinu eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður. Fjöldi mælinga sem varða höfuðborgarsvæðið er rúmlega 44%, hér skal þó nefnt að Reykjavík skilaði mælingu fyrir hvert teymi fyrir sig og þar af leiðandi hækkar það hlutfall mælinga fyrir höfuðborgarsvæðið. Hlutfall starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu er 62,5% af heildarfjölda starfsfólks sem tók þátt í mælingunum.




Mynd 3 Fjöldi nefnda (N=19), fjöldi mælinga (N=59) og fjöldi starfsfólks (N=275)

3. Mat starfsfólks á álagi

Fyrsta skrefið í notkun Málavogarinnar er að starfsmaður leggur mat á vinnuumhverfi sitt, áður en farið er yfir málin sem hann ber ábyrgð á. Notast er við skalann 1 til 5, þar sem einn er allt of lítið að gera, fimm er allt of mikið að gera en þrír er mátulega mikið að gera. Hafa skal í huga að Málavogin leggur mat á álag út frá þeim málum sem starfsmaður er skráður fyrir sem málastjóri, en ekki er horft til annarra þátta sem starfsmaður er mögulega að sinna eins og t.d. bakvöktum. Einnig er horft á stöðuna á þeim tíma sem mælingin er gerð, en álag í barnavernd getur verið breytilegt í einstaka málum frá tíma til tíma.

Þegar starfsfólk metur álag er horft á stöðuna á þeim tíma sem mælingin er gerð. Stundum getur álagið hafa verið mun minna eða mun meira jafnvel vikuna áður. Þess vegna er mikilvægt að meta álagið reglulega til að fanga sveiflur sem geta verið í mælingunum. Starfsmannabreytingar sem eru í gangi geta haft áhrif á álag t.d. starfsfólk að hætta og nýtt að byrja. Þannig getur í einhverjum tilvikum staðan verið sú að starfsmaður er nýbyrjaður og því með fá mál og álagið því lítið þegar mælingin er gerð. Stundum getur það verið að það vanti starfsfólk og þá eru þeir sem eru til staðar með fleiri mál og því álagið meira. Í sumum tilvikum getur staðan verið sú að deildarstjórar/yfirmenn sinna ákveðnum málafjölda t.d. vegna veikinda starfsfólks.

Hér má sjá niðurstöður úr 59 mælingum 19 barnaverndarnefnda, en mælingin tekur til 275 starfsmanna. Fram kemur að um fjórðungur starfsfólks telur álagið vera mátulegt og 73,8% telur of mikið að gera, þar af 45,1% allt of mikið að gera. 1,8 % telja of lítið að gera.




Mynd 4 Mat starfsfólks á álagi, 59 mælingar hjá 19 barnaverndarnefndum (N=275)

4. Stigafjöldi úr mælingum

Þegar starfsmaður hefur lagt mat á álagið er næsta skref að yfirmaður og starfsmaðurinn fara sameiginlega yfir málin sem starfsmaðurinn er málastjóri yfir og gefa þeir hverju máli stig. Stigatöflu Málavogar má sjá í viðhengi 1.

Hér má sjá niðurstöður úr 59 mælingum 19 barnaverndarnefnda, en mælingin tekur til 274 starfsmanna (niðurstöðu úr mælingu vantaði fyrir einn starfsmann). Í könnuninni sem gerð var eru ekki upplýsingar um nákvæman stigafjölda fyrir hvern og einn starfsmann, heldur um fjölda starfsmanna sem falla undir þær skilgreiningar sem sjá má á mynd 5.




Mynd 5 Stigafjöldi úr 59 mælingum hjá 19 barnaverndarnefndum (N=274)

Hér má sjá að tæplega 7% starfsfólks mælist með æskilegan stigafjölda og tæplega 9% mælist undir æskilegum stigafjölda. En rúmlega 84% mælist yfir æskilegum stigafjölda, frá 5 stigum í yfir 80 stig. Flest starfsfólk eða 30,7% mælist með 80 stig eða meira yfir æskilegum stigafjölda og 18,3% starfsfólks mælist með meira en 20 stig og að 40 stigum yfir æskilegum stigafjölda.

Í matstækinu er lagt mat á hversu mikið er að gera út frá stigafjölda:

- Mikið undir, meira en 20 stig
- Undir, meira en 5 stig
- Mátulegt +/- 5 stig
- Yfir, 5-20 stig
- Mikið yfir, meira en 20 stig
- Allt of mikið yfir, meira en 40 stig

Í matstækinu er skilgreint að **mikið yfir** er starfsfólk sem mælist með 20 stig yfir og **allt of mikið yfir** er starfsfólk sem mælist með meira en 40 stig yfir æskilegum stigafjölda. Hér má því sjá að tæplega 11% starfsfólks mælist yfir æskilegum stigafjölda, tæplega 10% mikið yfir æskilegum stigafjölda og 63,6% allt of mikið yfir æskilegum stigafjölda (sjá töflu 6).



Mynd 6 Stigafjöldi úr 59 mælingum hjá 19 barnaverndarnefndum (N=274)

5. Samanburður á mati starfsfólks og stigafjölda úr mælingum


Þegar mælingarnar eru skoðaðar þá þarf að hafa í huga að margt barnaverndarstarfsfólk, sérstaklega hjá barnaverndarnefndum í fámennari sveitarfélögum sinnir einnig félagsþjónustu. Því getur verið erfitt að áætla starfshlutfall í barnavernd sérstaklega þar sem álagið í málaflokkunum tveimur getur verið mismunandi frá tíma til tíma. Bent hefur verið á að barnaverndarnefndir geti nýtt þessar mælingar til að meta æskilegan fjölda stöðugilda í barnavernd út frá Málavoginni, t.d. með því að skoða mælingar yfir tíma fyrir sitt svæði. En ljóst er að þegar starfsfólk sinnir fleiri málaflokkum en barnavernd, getur verið erfitt fyrir það að meta álag aðeins út frá hluta starfsins og vegna þess að vinnutíminn í hvorum málaflokki um sig getur verið breytilegur eftir aðstæðum og álagi hverju sinni. Þá þarf að hafa í huga að aðeins er verið að mæla mál sem starfsfólk er skráð fyrir en ekki annað eins og t.d. bakvaktir.

Hér verður skoðað mat starfsfólks á álagi og stigafjölda úr 59 mælingum 19 barnaverndarnefnda. Borið er saman mat starfsfólksins og niðurstöður úr stigagjöfni. Í stigagjöfni eru stig frá 6 til 20 skilgreind sem yfir og 21 stig til 40 mikið yfir og eru í samanburðinum þessir tveir flokkar sameinaðir og bornir saman við það sem starfsfólk skilgreinir sem of mikið að gera.

Hér má sjá að tæplega 9% starfsfólks mælist með stigafjölda undir æskilegum stigafjölda, en hlutfall þeirra sem meta álagið undir æskilegum stigafjölda er mun lægra. Þessi munur skýrist að einhverju leyti af því að mat starfsfólks og stigafjölda fer ekki saman í tilvikum þar sem yfirmenn eru að sinna hluta mála tímabundið t.d. vegna fjarveru starfsfólks.

Um fjórðungur starfsfólks metur álagið mátulegt en stigafjöldinn úr mælingunum er tæplega 7%. Þegar hlutfall starfsfólks með allt að 40 stig yfir æskilegum stigafjölda er borið saman við hlutfall starfsfólks sem metur álagið of mikið þá er hlutfallið hærra í mati starfsfólks. Hins vegar þegar hlutfall starfsfólks sem metur álagið allt of mikið að gera er borið saman við það sem Málavogin telur allt of mikið yfir æskilegum stigafjölda, meira en 40 stig yfir æskilegum

stigafjöldi kemur fram að 45,1% starfsfólks telur allt of mikið að gera, en 63,6% starfsfólks mælist með meira en 40 stig yfir æskilegum stigafjölda.



Mynd 7 Samanburður á mati starfsfólks á álagi og stigafjölda úr 59 mælingum 19 barnaverndarnefnda (mat starfsfólks N=275, stigafjöldi úr mælingu N= 274)

Samkvæmt Málavoginni þá er mátulega mikið að gera skilgreint út frá ákveðnum stigafjölda miðað við starfshlutfall og starfsreynslu starfsfólks. Þessar niðurstöður gætu bent til þess að starfsfólk skilgreini mátulega mikið að gera á víðtækari hátt en Málavogin gerir ráð fyrir þar sem fjórðungur þess telur álagið mátulegt. Einnig er áhugavert að skoða að 63,6% starfsfólks mælist með meira en 40 stig yfir æskilegum stigafjölda sem Málavogin skilgreinir sem allt of mikið yfir. Starfsfólk metur álagið sem allt of mikið að gera í rúmlega 45% tilvika sem er lægra en stigafjöldinn gefur til kynna. Þetta er þrátt fyrir að 14,6% starfsfólks mælist með yfir 60 stig og 30,7% yfir 80 stig yfir æskilegum stigafjölda.

6. Hvað segja barnaverndarnefndirnar um Málavogina?

Í könnuninni er spurt um ýmislegt sem tengist Málavoginni. Sá aðili sem fyllti út könnunina og sendi til Barnaverndarstofu svarar þeim spurningum sem þar eru settar fram. Hér er ekki um að ræða mat alls starfsfólks, heldur þess aðila sem svarar könnuninni, yfirleitt yfirmanns á hverjum stað.

Hvernig hefur Málavogin nýst Barnaverndinni?

Fram kom í svörum að mikill meirihluti telur Málavogina veita betri yfirsýn yfir málafjölda og álag á starfsfólk. Þá hefur Málavogin orðið til þess að hjá tæplega þriðjung nefnda sem svöruðu könnuninni hefur verklagi verið breytt varðandi úthlutun mála og stöðugildum fjölgað hjá þremur barnaverndarnefndum. Tæplega helmingur hafði kynnt niðurstöður úr mælingum á Málavoginni fyrir sínum pólitískt skipuðu barnaverndarnefndum. Þá kom fram hjá tveimur nefndum að mikilvægt væri að geta sýnt fram á álagið og að fá staðfestingu á því að tilfinning starfsmanna fyrir álagi sé rétt.

Hverjir eru helstu kostir Málavogarinnar?

Flestir nefndu að með notkun Málavogarinnar fengist betri yfirsýn yfir álag á einstaka starfsmenn, eðli mála og deildina í heild. Þá væri betri yfirsýn stjórnenda og barnaverndarnefndar á stöðunni á hverjum tíma og á þróunina yfir lengra tímabil og þannig væri Málavogin gott verkfæri bæði við skipulag málaflokksins og við fjárhagsáætlanagerð. Málavogin væri verkfæri til að stýra dreifingu álags milli starfsmanna og auðveldar samanburð vinnuálags milli tímabila. Málavoginni er lýst sem hlutlægu tæki til að meta starfsálag og ekki síst dreifingu mála milli starfsmanna. Það er talið mjög gott að fá yfirsýn yfir álagið með þessu mælitæki, sérstaklega þegar búið er að mæla nokkrum sinnum því þá er hægt að bera saman niðurstöður.

Það er skoðun svarenda að Málavogin nýtist við að jafna álag á milli starfsmanna. Ennfremur nýtist hún til að meta heildarálag á starfsstöðina og þá hvort bæta þyrfti við starfsfólki eða ekki. Einnig er nefnt að gott væri að fara með jöfnu millibili yfir mállista með þessum hætti með starfsmönnum þannig að bæði yfirmenn og starfsmenn sjái stöðuna. Málavogin veitir góða yfirsýn yfir málin hjá starfsmönnum og hægt er að nota málavogina til að breyta verklagi og sýnir hún vel það álag sem er hjá starfsfólki barnaverndar. Barnaverndarnefndin verður þannig meðvitaðri um það álag sem er hjá starfsfólkinu. Hægt er að nota Málavogina til að sýna fram á þörf fyrir fjölgun stöðugilda.

Fram kom að starfsfólkið er ánægt með yfirferð mála sinna þegar mælt er samkvæmt Málavoginni. Starfsfólkið fær betri tilfinningu fyrir því hvernig álag breytist og hjálpar þeim við að hafa góða yfirsýn yfir sín mál. Þá er hægt að nýta mælinguna við skipulagningu og tilfærslur á mannafla ef þörf er á. Málavogin er skýr mæling sem sýnir stöðuna á mismunandi tímabilum og gerir samanburð þar af leiðandi einfaldari. Nefnt var að gott er að fara yfir málin með starfsfólki, fá innsýn í álagið hjá þeim og nýta Málavogina til að aðstoða starfsfólkið. Einnig er gott fyrir starfsfólk að hafa yfirmann með sér til að fara yfir Málavogina saman en þá er auðveldara að gera sér grein fyrir stöðu mála m.t.t. álags í starfi svo dæmi sé tekið. Þá kom fram að gott væri að nýta tækifærið til að taka starfsmannaviðtöl um leið og mæling er gerð og fá í leiðinni hugmyndir, athugasemdir og vangaveltur starfsfólksins um skipulag mála. Betri yfirsýn á milli teyma sem nýtist við úthlutun verkefna. Málavogin veitir betri yfirsýn yfir fjölda mála og auðveldara er að fylgjast með hvar mál eru stödd innan þess tímafrests sem lögin kveða á um. Með notkun Málavogarinnar verður starfið faglegra og hjálpar til við að halda tímamörk.

Að lokum var bent á að helsti kostur Málavogarinnar er að álag starfsmanna í barnavernd er í samræmi við upplifun þeirra á álagi, það þýðir að mælingin er í samræmi við huglægt mat starfsfólks.

Hverjir eru helstu gallar Málavogarinnar?

Bent var á að erfitt getur verið að fastsetja stöðugildi í barnavernd þegar starfsfólk sinnir bæði barnavernd og félagsþjónustu og álagið stýrist af verkefnum dagsins. Byrja þarf á að meta með starfsmanni hlutfall sem fer í barnavernd, en það er ekki alltaf sanngjarnt gagnvart raunverulegum málafjölda, álag í félagslegri þjónustu getur haft áhrif á það hversu mikið starfsmaður getur sinnt barnavernd og öfugt. Þá kom fram að þar sem félagsþjónustu og

barnavernd er sinnt af sama starfsfólki er erfitt að fá yfirsýn yfir málafjölda og álag á hvern starfsmann. Best væri ef hægt væri að þróa sambærilegt tæki til að meta álag starfsfólks í félagsþjónustu.

Þá kom fram að matið með Málavoginni væri ekki alltaf sanngjarnt, stigagjöfin tæki ekki tillit til þess þegar gríðarlegt álag væri í flóknum málum. Þá mætti stigagjöfin vera skýrari varðandi ákveðna þætti eins og þegar um er að ræða fjölskyldur með fleiri en eitt barn og þegar fleiri en einn ráðgjafi sinnir málunum.

Bent var á að Málavogin nær ekki yfir öll verkefni sem starfsmenn í barnavernd sinna t.d. bakvaktir, símavaktir og fleira og er þá hluti álagsins ekki metin til stiga. Stigafjöldinn gefur því ekki rétta mynd þar sem ekki er allt tekið inn í heildarmyndina. Þá er bent á að vandasamt geti verið að mæla rétt, ekki ólíklegt að mat þeirra sem mæla geti verið misjafnt. Þá væri mat starfsmanns á álagi huglægt og erfitt að mæla.

Hvers vegna nota barnaverndarnefndir ekki Málavogina?

Fram kom í svörum að í tveimur tilvikum taldi nefndin ekki Málavogina nýtast þar sem starfsfólk í barnavernd sinnir einnig félagsþjónustu. Þetta kemur einnig fram þegar spurt var um helst galla Málavogarinnar og kemur fram hér að framan.

Annað

Margar nefndir sögðu framtakið gott og að stigagjöfin gerði þeim mögulegt að meta stöðuna gagnvart hverjum og einum starfsmanni og vinnustaðnum í heild. Þá kom fram að mikilvægt sé að hafa mælitæki til að meta álag í starfi barnaverndar þar sem álagið er mikið. Hvatt er til þess að nefndir noti Málavogina og einnig var bent á að gott væri ef nefndir gætu fyllt inn í rafrænan banka, þannig væri hægt að fylgjast reglulega með álaginu á landsvísu. Lagt var til að Barnaverndarstofa skipulegði samráðsfundi þar sem þeim sem eru að nota Málavogina er boðið reglulega á fundi til að ræða hana.

7. Samantekt

Niðurstöður könnunarinnar sýna að álag á starfsfólk barnaverndar er mikið, hvort sem skoðaðar eru niðurstöður úr mælingum Málavogarinnar eða mat starfsfólks á álagi. Samkvæmt stigagjöf Málavogarinnar mælist 63,6% starfsfólks með allt of mikið yfir æskilegri stigagjöf og rúmlega 45% starfsfólk metur álagið sem allt of mikið að gera.

Um fjórðungur starfsfólks telur álagið mátulegt, en stigafjöldinn úr mælingum metur að tæplega 7% starfsfólk sé með mátulegt álag. Þetta gæti bent til þess að starfsfólk skilgreinir mátulega mikið að gera víðara en skilgreint er í Málavoginni. Einnig er áhugavert að sjá niðurstöður varðandi það sem Málavogin skilgreinir sem allt of mikið yfir æskilegum stigafjölda og það sem starfsfólk skilgreinir sem allt of mikið að gera. Þar kemur fram að 63,6% starfsfólks mælist með meira en 40 stig yfir æskilegum stigafjölda sem Málavogin skilgreinir sem allt of mikið yfir. Starfsfólk metur álagið sem allt of mikið að gera í rúmlega 45% tilvika

sem er lægra en stigafjöldinn gefur til kynna. Þetta er þrátt fyrir að 14,6% starfsfólks mælist með yfir 60 stig og 30,7% með 80 stig yfir æskilegum stigafjölda.

Góð þátttaka var hjá barnaverndarnefndum í könnuninni. Meirihluti þeirra bendir á ýmsa kosti við að nota Málavogina og fram kom í svörum nefndanna að margar nefndir telja Málavogina nýtast vel. Hún gefur yfirmönnum og starfsfólki meðal annars betri yfirsýn, möguleika til þess að stýra álagi á milli starfsfólks og sýna fram á álag á starfsfólk í barnavernd. Bent er á að álagið verði sýnilegra og stigagjöfin staðfesti upplifun starfsfólks á álagi.

En það kom einnig fram í svörum nefndanna að það getur reynst erfitt að nota Málavogina þar sem starfsfólk sinnir bæði félagsþjónustu og barnavernd. Bent hefur verið á að hægt er að nýta Málavogina í þeim tilfellum til að leggja mat á hversu stórt hlutfall vinnu starfsfólks fer í barnavernd, en kallað hefur verið eftir sambærilegu mælitæki fyrir félagsþjónustu. Þetta þarf að hafa í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar, þ.e. að erfitt getur verið að áætla starfshlutfall og þar með æskilegan stigafjölda hjá því starfsfólki sem sinnir bæði félagsþjónustu og barnavernd.

Þá er mikilvægt að hafa í huga, eins og margar barnaverndarnefndir benda á, að Málavogin mælir aðeins þau mál sem starfsfólkið sinnir á hverjum tíma en ekki önnur möguleg verkefni eins og t.d. bakvaktir. Líta má á Málavogina sem mælikvarða á álag í barnavernd, bæði er horft til mats starfsfólks á álagi og stigafjölda og því er hér um viðbót að ræða við þá mælikvarða sem áður hafa verið notaðir eins og fjölda barnaverndarmála eða fjölda tilkynninga.

Ekki koma fram í þessari könnun upplýsingar um stigagjöf og mat starfsfólks á álagi fyrir hvern og einn starfsmann og því ekki hægt að bera saman stigagjöf og mat einstakra starfsmanna. Niðurstöðum var skilað fyrir hverja barnaverndarnefnd fyrir sig og Barnavernd Reykjavíkur skilaði fyrir hvert teymi fyrir sig. En samkvæmt niðurstöðum úr þessar könnun á Málavoginni þá er álag á starfsfólk barnaverndar mikið hvort sem skoðaður er stigafjöldi fyrir mál starfsfólks eða mat starfsfólks á álagi.

Nánari upplýsingar um Málavogina má nálgast á heimasíðu Barnaverndarstofu:

<https://www.bvs.is/fyrir-fagfolk/malavog/>

Viðhengi 1 Málavogin og stigagjöf

<https://www.bvs.is/media/almennigur/Malavog-2019.pdf>

Viðhengi 2 Spurningalisti til barnaverndarnefndanna

Barnaverndarnefnd: Skráðu hér nafn barnaverndarnefndar

1. Hefur nefndin notað Málavogina ? Já Nei

Ef nei, hver er ástæðan? Skrá hér

2. Hversu oft hefur nefndin notað Málavogina s.l. 12 mánuði?

Einu sinni Tvisvar sinnum Þrisvar sinnum Fjórum sinnum Oftar

3. Hver var niðurstaðan úr mælingum Málavogarinnar á eftirfarandi þáttum:
(Fyllið út fyrir allt að fjórar mælingar)

Mæling 1:

Í hvaða mánuði var mælingin gerð? Nafn mánaðar

Hversu margir starfsmenn tóku þátt í mælingunni? Fjöldi starfsmanna

Mat starfsmanna á álagi á kvarðanum 1-5

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 1? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 2? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 3? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 4? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 5? Fjöldi starfsmanna

Stigafjöldi úr mælingu

Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru með æskilegan stigafjölda (+/- 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (5-20 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 40 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 60 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 80 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Mæling 2:

Í hvaða mánuði var mælingin gerð? Nafn mánaðar

Hversu margir starfsmenn tóku þátt í mælingunni? Fjöldi starfsmanna

Mat starfsmanna á álagi á kvarðanum 1-5

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 1? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 2? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 3? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 4? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 5? Fjöldi starfsmanna

Stigafjöldi úr mælingu

Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru með æskilegan stigafjölda (+/- 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (5-20 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 40 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 60 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 80 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Mæling 3:

Í hvaða mánuði var mælingin gerð? Nafn mánaðar
Hversu margir starfsmenn tóku þátt í mælingunni? Fjöldi starfsmanna

Mat starfsmanna á álagi á kvarðanum 1-5

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 1? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 2? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 3? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 4? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 5? Fjöldi starfsmanna

Stigafjöldi úr mælingu

Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru með æskilegan stigafjölda (+/- 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (5-20 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 40 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 60 stig) ? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 80 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Mæling 4:

Í hvaða mánuði var mælingin gerð? Nafn mánaðar
Hversu margir starfsmenn tóku þátt í mælingunni? Fjöldi starfsmanna

Mat starfsmanna á álagi á kvarðanum 1-5

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 1? Fjöldi starfsmanna
Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 2? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 3? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 4? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn meta álagið sem 5? Fjöldi starfsmanna

Stigafjöldi úr mælingu

Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru undir æskilegum stigafjölda (meira en 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru með æskilegan stigafjölda (+/- 5 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (5-20 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 20 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 40 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 60 stig) ? Fjöldi starfsmanna

Hversu margir starfsmenn voru yfir æskilegum stigafjölda (meira en 80 stig) ? Fjöldi starfsmanna

4. Hvernig hefur Málavogin helst nýst ?

Hefur ekki nýst nefndinni

Betri yfirsýn yfir málafjölda og álag á starfsmenn

Breyting á verklagi varðandi úthlutun mála

Stöðugildum fækkað

Stöðugildum fjölgað

Niðurstöður úr Málavoginni kynntar barnaverndarnefndinni

Annað: Hvað?

5. Hverjir eru helstu kostir Málavogarinnar að ykkar mati? Skráið helstu kosti

6. Hverjir eru helstu gallar Málavogarinnar að ykkar mati? Skráið helstu galla

7. Annað sem þið viljið koma á framfæri varðandi Málavogina? Hvað?